



Golfklúbbur Selfoss

Fyrirmyndarfélag Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Handbók

2022 - 2027



Inngangur

Handbók þessi lýsir stefnu og starfsemi Golfklúbbs Selfoss (hér eftir GOS). Handbókin er unnin af framkvæmdastjóra og golfkennara klúbbsins Hlyni Geir Hjartarsyni og Heiðrúnu Önnu Hlynsdóttir, skrifstofustjóra og afrekskyfing

Golfklúbburinn er stofnaður 21. janúar 1971. Starf klúbbsins hefur verið unnið að mestu í sjálfböðavinnu. Vallarmál GOS hafa ekki alltaf verið í föstum skorðum og hefur klúbburinn þurft að byggja upp þrjá velli frá stofnun.

Golfklúbbur Selfoss hefur nú fengið land í eigu Sveitafélagsins Árborg til umráða og nær það til núverandi staðsetningar vallarins ásamt frekara landi til stækkunar sem liggur norður með ánni.

Framkvæmdir eru hafnar á 18 holu golfvelli og mun Svarfhólsvöllur verða 18 holur árið 2026.

Einnig er verið að byggja upp nýtt æfingasvæði með æfingarskýli, stutta spils æfingasvæði og 6 holu par-3 velli.

Síðustu árin hefur verið lögð áhersla á að fjölga í klúbbum og hefur megin áherslan verið lögð á gott barna og unglingsstarf. Gott og vel skipulagt starf með faglærðum kennurum er undirstaðan að fjölgun félaga.

GOS hefur átt mjög gott samstarf við Sveitarfélagið Árborg vegna barna- og unglingsstarfs klúbbsins.

GOS er aðili að Golfsambandi Ísland og starfar innan vébanda Héraðssambandsins Skarphéðins.



Svarfhólsvöllur

Aðlögun að nýjum þjóðvegi og brú á Ölfusá

Þrjár nýjar brautir og æfingasvæði

Tekið í notkun vorið 2022

Ummið af Edwin Roald
fyrir Golfklúbb Selfoss

14. september 2021




Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	Alls
Gult	282	153	357	321	164	293	352	327	441	2690
Rautt	219	124	269	293	135	265	311	215	334	2165
Par	4	3	4	4	3	4	4	4	5	35





Aðlögun Svarfhólsvallar að breyttri legu Suðurlandsvegur og stækkun í 18 holar á allhiða útivistarsvæði út frá nýrri íþrótt- og útivistarmiðstöð

Unnið af Edwin Roald fyrir Golfklúbb Selfoss í desember 2018.
 Skipulag unnið í samstarfi við Landhönnun.
 Uppfært í desember 2021.





Efnisyfirlit

Inngangur	2
Markmið GOS	10
Félagsstarf.....	10
Íþróttastarf.....	10
Langtímastefna til 10 ára í senn.....	11
Stjórn GOS	12
Jafnréttisstefna GOS	13
Foreldraráð (barna- og unglínganefnd GOS) - Verksvið	15
Félagsstarf.....	15
Þjálfarar GOS	16
Stefna GOS í þjálfaramálum	16
Æfinga- og keppnisskrá GOS	17
Markmið starfsins	17
Keppni	22
Fræðslu- og forvarnarstarf GOS	23
Umhverfisstefna Golfklúbbs Selfoss (GOS):	24
Siðareglur Golfklúbbs Selfoss	26
Viðbragðsáætlun	27



Samþykktir	28
Persónuverndarstefna Golfklúbbs Selfoss	32
Tilgangur og lagaskylda.....	32
Persónuupplýsingar sem félagið safnar og vinnur	32
Hvers vegna söfnum við og vinnum persónuupplýsingar og á hvaða grundvelli?	33
Miðlun til þriðja aðila.....	33
Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?	33
Varðveisla á persónuupplýsingum.....	33
Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur	33
Fyrirspurn og kvörtun til persónuverndar	34
Samskipti við félagið	34
Endurskoðun	34



Golfklúbbur Selfoss
Aðalfundur

Stjórn GOS

Framkvæmdarstjóri

Stjórnun og rekstur

Áætlunargerð
Fjárhaldsbókhald
Skrifstofa
Stafsmannamál
Verslun og veitingar
Sérstakar nefndir

Markaðsmál

Auglýsingar
Styrkir
Boðsmót
Heimasíða
Útbreiðsla

Íþóttir og golfþjálfun

Þjálfun og kennsla
Iðkendahópar
Þjálfarar
Foreldraráð
Nýliðafræðsla

Mannvirki og golfvöllur

Golfskáli
Æfingasvæði
Vélageymsla
Svarfhólsvöllur
Önnur mannvirki



Málaflokkar	Framkvæmd	Tímasetningar	Ábyrgðaraðili
Fjárhagsbókhald	<ul style="list-style-type: none"> Færsla bókhalds og gerð reikningskila 	<ul style="list-style-type: none"> Ársuppgjör í nóvember. 6 mánaða uppgjör í maí. 	Framkvæmdastjóri í samráði við gjaldkera og bókhaldsskrifstofu.
Áætlunargerð	<ul style="list-style-type: none"> Gerð fjárhagsáætlunar. Eftirfylgni fjárhagsáætlunar eftir með milliuppgjörum. Aðhald með öllum fjárútlátum og að þau séu innan fjárhagsáætlunar. 	<ul style="list-style-type: none"> Fjárhagsáætlun lögð fyrir aðalfund í nóvember. 	Framkvæmdastjóri í samráði við gjaldkera og bókhaldsskrifstofu.
Skrifstofa	<ul style="list-style-type: none"> Rekstur fasteigna. 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg stjórnun. 	Framkvæmdastjóri.
Golfverslun og veitingasala	<ul style="list-style-type: none"> Rekstur verslunar. Samningar við verktaka um rekstur veitingarsölu. Tryggja að gæði þjónustu við hinn almenna kylfings sé ávallt góð. 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg stjórnun. 	Framkvæmdastjóri í samráði við stjórn.
Sérstakar nefndir	<ul style="list-style-type: none"> Skipun formanna og starfsmenn nefnda. Skilgreining á hlutverki nefnda og ábyrgð á að nefndir starfi skv. því. Nefndir á vegum GOS eru: Mótanefnd, Vallarnefnd, Aganefnd, Eldri kylfinganefnd, Afreksnefnd, Forgjafarnefnd, Félaganefnd, Markaðsnefnd, Barna- og unglínganefnd, Nýsköpunarnefnd og Kvennanefnd. 	<ul style="list-style-type: none"> Nefndir skipaðar fyrir aðalfund. 	Framkvæmdastjóri í samráði við stjórn.



Starfsmannamál	<ul style="list-style-type: none">• Ábyrgð á mannauðsmálum félagsins.• Ábyrgð á launastefnu og ráðningarsamningum.	<ul style="list-style-type: none">• Dagleg stjórnun.	Framkvæmdastjóri.
----------------	---	--	-------------------



Markmið GOS

Að setja sér markmið er ávallt besta leiðin að góðu starfi, hvort sem það er rekstur fyrirtækis eða íþróttafélags. Við hjá GOS höfum sett okkur markmið og stefnu til lengri tíma, skammtímastefnu og stefnu sem snýr að daglegu starfi. Þetta er okkar verkfæri til að halda úti góðu starfi.

Markmið GOS er að skapa meðlimum sínum aðstöðu til að iðka golf ásamt því að vinna að kynningu og útbreiðslu golfíþróttarinnar, bæði sem keppnisíþrótt og almenningsíþrótt. Golf er fjölskylduvæn íþrótt þar sem sameinast útivist og hreyfing, lögð er rík áhersla á góðan félagsanda, drengskap og jafnrétti.

Með aðild klúbbsins að Golsambandi Íslands skuldbinda félagar GOS sig til að stunda golfíþróttina samkvæmt þeim keppnis- og siðareglum sem GSÍ gefur út og gerðar eru samkvæmt "The R&A Rules Ltd". Lögð er áhersla á öflugt barna og unglingsstarf undir leiðsögn og stjórn menntaðra þjálfara. Einnig að skapa öllum klúbbfélögum góða æfingaaðstöðu með aðgengi að viðurkenndum leiðbeinendum, sem vinna undir stjórn yfirkennara. Kennarar og þjálfarar klúbbsins skulu hafa til þess tilskilda menntun og skal yfirkennari vera viðurkenndur af PGA (Íslenska atvinnumanna golfsambandinu).

GOS stefnir að því að hlúa að einstaklingum innan klúbbsins jafnhliða því að efla liðsheild, samkennd og samvinnu allra félaga, til að gera veg klúbbsins sem mestan og bestan.

Tekjur klúbbsins skulu standa undir daglegum rekstri hans.

Félagsstarf

- Góður rekstur
- Góður völlur
- Gott mótahald
- Góð veitingasala
- Gott andrúmsloft
- Góður félagsandi
- Gott forvarnarstarf
- Góð jafnréttisstefna

Íþróttastarf

- Keppnisáætlun
- Æfingar barna og unglinga



- Ráðning PGA kennara
- Nýliðakennsla
- Endurmenntun
- Afreksstefna
- Forvarnarstarf
- Jafnréttisstefna.

Langtímastefna til 10 ára í senn

- Áframhaldandi bygging á nýjum 18. Holum við Svarfhól á nýju landssvæði.
- Byrjað verður að leika á fyrstu 3 nýju holunum vorið 2022.
- Stefnt á að byggingu á 18 holum sé lokið 2026.
- Ábyrg fjármálastefna
- Fjölgun félaga: (5% regla GSÍ) 750 meðlimir í GOS 2027.
- Styrkja „vörumerkið“ Svarfhólsvöllur.
- Sterkt barna og unglingastarf.
- Styrkja kvennastarf.
- Styrkja nýliðastarf.
- Viðhald og gott ástand véla ávallt forgangsmál.
- Gott félagsstarf.
- Öflugt mótahald.
- Trjárækt.



Stjórn GOS

Stjórn klúbbsins er kosin á aðalfundi, hana skipa 7 stjórnarmeðlimir. Í aðalstjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur. Formann skal kjósa sérstaklega og aðra stjórnarmenn sameiginlega. Stjórnarfundir skulu haldnir einu sinni í mánuði. Hlutverk stjórnarinnar er að framfylgja markmiðum klúbbsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur klúbbsins.

Meginhlutverk stjórnar GOS er að stýra starfseminni í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í samþykktum félagsins, fundarsamþykktum, samþykktri stefnu og settum markmiðum hverju sinni. Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum félagsanda. Stjórninni er heimilt að ráða launaðan framkvæmdastjóra til starfa. Af einstökum verkefnum stjórnar má m.a. nefna:

- Áætlanagerð fyrir almenna starfsemi og framkvæmdir til lengri og skemmri tíma.
- Að móta hugmyndir og tillögur um ný viðfangsefni.
- Að leysa vandamál sem upp kunna að koma.
- Að framfylgja samþykktum og ályktunum.
- Að fylgjast með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur.
- Að taka á móti erindum sem berast og afgreiða þau.
- Að undirbúa fundi og boða til þeirra.
- Að skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum, nefndum og félagsmönnum og samræma störf þeirra.

Fulltrúi/áheyrnarfulltrúi í stjórn GOS

Stjórn GOS mun hafa það sem markmið að hafa ungt fólk 16-25 ára á stjórnarfundum GOS, sem kallast fulltrúar eða áheyrnarfulltrúar í stjórn.



Jafnréttisstefna GOS

GOS sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar, m.a. með tilliti til aðstöðu, æfingatíma, þjálfunar, félagsgjalda og félagsstarfs. Iðkendur sem og þjálfarar og aðrir starfsmenn skulu njóta sömu réttinda óháð kyni, aldri, búsetu og kynþætti. Það er stefna GOS að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins.

Jafnrétti kynja og kynþátta

Allir einstaklingar innan GOS skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti. Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþátta leggur stjórn GOS áherslu á:

1. Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunun verði ekki liðin.
2. Að veita öllum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gera engan greinarmun á drengja- og stúlknaþópum við útdelingu æfingatíma. Þá skulu kynin hafa sambærilega aðstöðu og aðbúnað.
3. Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara hjá öllum þópum sem eru vel að sér um jafnrétti kynjanna. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja og stúlkna. Sömu laun eru greidd fyrir þjálfun stúlkna og drengja.
4. Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.
5. Að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleyfi gagnvart þeim.
6. Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi klúbbsins.
7. Að vinna gegn staðalmyndum kynjanna

Fordómar

Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgengin(n) eða mismunað vegna útlits,



uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.

Til að koma í veg fyrir fordóma hvetur GOS sína iðkendur til að:

- Taka ekki undir með þeim sem lætur í ljós fordóma.
- Biðja gerandann um að setja sig í spor þess sem hann fordæmir.
- Fræða gerandann.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.
- Muna að þeir standa ekki einir ef þeir verða sjálfir fyrir fordómum. Best er að reyna að finna einhvern sem stendur með sér, veitir stuðning og hægt er að tala við. Það geta verið vinir, foreldrar eða þjálfarinn, einhver sem má treysta.



Foreldraráð (barna- og unglínganefnd GOS) - Verksvið

Barna- og unglínganefnd GOS er félag foreldra og forráðamanna iðkenda í viðkomandi félagi/klúbbi íþróttafélags. Þrjú til fimm foreldrar/forráðamenn eru skipaðir til eins árs í senn. Ljúka skal skipun í stjórn foreldrafélags fyrir aðalfund GOS sem er haldinn ekki síðar en síðustu vikuna í nóvember ár hvert.

Hlutverk foreldraráðs er fyrst og fremst að

- Standa vörð um hagsmuni iðkenda í félaginu.
- Efla tengsl heimila og íþróttafélags.
- Efla samskipti milli iðkenda, foreldra annars vegar og stjórnenda og þjálfara hins vegar.
- Stuðla að bættri vellíðan iðkenda í leik og starfi.
- Stuðla að betri árangri í starfi íþróttafélags.
- Útbúa, skipuleggja og framfylgja áætlun um félagsstarf ár hvert.

Barna- og unglínganefnd GOS ákveður hvernig það starfar til að reglum þessum og markmiðum verði náð.

Félagsstarf

Fyrir 1. janúar ár hvert skal liggja fyrir áætlun um félagsstarf. Foreldraráð skal hafa það hlutverk að skipuleggja og framfylgja þeirri áætlun.

Mikilvægt er að börnin og unglíngarnir hittist líka utan skipulagðra æfinga eða keppna.

Hugmyndir að uppákomum í félagsstarfi:

- Bíóferðir
- Kynning á óhefðbundnum íþróttum
- Æfingabúðir
- Ferðalög
- Miðnæturmót
- Heimsækja aðra velli
- Óvissuferðir
- Golfmaraþon
- Ferð til að horfa á aðra íþróttagrein t.d fótboltaleik.



Þjálfarar GOS

Hjá Golfklúbbsi Selfoss starfar einn fastráðinn PGA golfþjálfarar.

Hlynur Geir Hjartarson er yfirkennari (frá 2009).

Hlynur er menntaður PGA Golfkennari frá PGA á Íslandi.

Útskrifaðist sem golfkennari 2012 eftir þriggja og hálfis árs nám.

Aðrir þjálfarar sem koma að golfleikjanámskeiðum og nýliðanámskeiðum eru lausráðnir og er fjöldi þeirra 2-3, allt eftir þátttöku á golfnámskeiðum á sumrin.

Laun þjálfara munu ávallt vera samræmd, hvort sem þjálfari þjálfar drengi eða stúlkur, unga eða gamla, allt eftir menntun, þekkingu og reynslu þjálfarans í hvert skipti.

Þjálfarar og allir starfsmenn eru launþegar Golfklúbbs Selfoss.

Stefna GOS í þjálfaramálum

- Þjálfarar starfa sem launþegar og eru gerðir við þá skriflegir ráðningarsamningar.
- Fjöldi iðkenda skal ekki fara yfir 15 á hvern þjálfara.
- Yfirkennari klúbbsins skal vera meðlimur í PGA á Íslandi eða öðrum álíka samtökum.
- Klúbburinn hvetur þjálfara til að sækja námskeið og endurmenntun.
- Samráð skal haft meðal starfandi þjálfara og skulu vera haldnir sérstakir samráðsfundir.
- Aðstoðarþjálfarar skulu hafa náð 14 ára aldri og vera góðar fyrirmyndir.
- Þjálfarar eru hvattir til og kostaðir af klúbbum til að sækja námskeið í skyndihjálpi.



Æfinga- og keppnisrá GOS

GOS býður upp á skipulagðar æfingar fyrir alla meðlimi 18 ára og yngri. Starfið er tvískipt, annarsvegar almennir hópar sem eru opnir öllum félögum sem uppfylla aldursskilyrði, æfingar eru 2 sinnum í viku á tímabilinu janúar til september. Hins vegar er um að ræða afreks- og keppnishópa þar sem æfingaálag er aukið og þjálfun verður sérhæfðari. Þessir hópar æfa 2-4 sinnum í viku á tímabilinu janúar til september.

Markmið starfsins

Almennir hópar

Átta ára og yngri

- Að börnin upplifi jákvæð fyrstu kynni af íþróttinni.
- Að auka hreyfiþroska og samhæfingu hreyfinga.
- Að hvetja börn til þátttöku í sem flestum íþróttagreinum með það að markmiði að auka hreyfiþroska.
- Að börnin læri helstu golfsiði og öryggisatriði tengd íþróttinni.
- Að börnin læri grip (halda á kylfunni með hendur þétt saman), jafnvægi (enda sveiflu í jafnvægi á fremri fæti), uppstillingu (axlabreidd á milli fóta og boltastaða nær fremri fæti) og sveiflu (hendur sveiflast aftur og upp, öxl undir höku. Snúa fram og í gegn, enda í jafnvægi).

Leiðir að markmiðum

- Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í leikjaformi.
- Æfingar: 1-3 í viku að lágmarki 5 vikur á ári. 60-180 boltar slegnir á viku (full sveifla). 200-400 pútt/vipp á viku í leikjaformi.
- Kylfur: Trékylfa, miðjárn, fleygjárn og púttar. Mjúk sköft.
- Spil: 1-3 holur á viku (leiðbeinandi). Stuttar holur 50-100 metrar.

9-12 ára

- Að auka þol, kraft og liðleika.
- Að hvetja börn til þátttöku í sem flestum íþróttagreinum með það að markmiði að auka hreyfiþroska.
- Að börnin læri helstu golfsiði (hvar á að standa, hafa hljóð, raka glompur, gera við boltaför), golfreglur og öryggisatriði.
- Að börnin læri háttvísi og íþróttamannslega framkomu.
- Að börnin læri grip (hendur þétt saman, sterkt/veikt og áhrif þess), uppstillingu (vanaferli fyrir hvert högg), mið (kylfuhauss og líkama), að halda skor og áhrifavalda boltaflugs (flái og stefna kylfuhauss).



Leiðir að markmiðum

- Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar með áherslu á tækniþjálfun.
- Að æfingarnar auki þol, kraft og liðleika.
- Æfingar: 5-15 klst á viku, að lágmarki 6 vikur á ári. Full sveifla, 150-450 boltar á viku. Vipp, 150-450 boltar á viku. Pútt, 150-450 boltar á viku.
- Kyllfur: Hálf til fullt sett. Mjúk sköft, ekki er mælt með að stytta fullorðinskyllfur.
- Spil: 3-9 holur á viku.
- Önnur þjálfun: Að börnin stundi minnst 2 aðrar íþróttagreinar sem framkalla líkamlega áreynslu.

13-15 ára

- Að auka þol, kraft, liðleika og hraða.
- Að bæta tæknilega færni.
- Að unglíngarnir kunni skil á golfreglunum og golfsiðum.
- Að unglíngarnir sýni háttvísi og íþróttamannslega framkomu.
- Að unglíngunum séu skapaðar jákvæðar félagslegar aðstæður samhliða íþróttaiðkun.
- Að unglíngarnir séu kynntir fyrir keppnis- og afreksmennsku og þeim hugsunarhætti sem þarf til að ná langt í íþróttum.
- Að unglíngarnir séu einnig kynntir fyrir þeim möguleikum sem bjóðast þeim sem vilja iðka íþróttir vegna félagsskapar og líkamsræktar.
- Að unglíngarnir læri: Pútt (augnlína yfir bolta, mið, hendur undir öxlum, boltastaða framan við miðju), boltastaða (mismunandi boltastöður fyrir hin ýmsu högg með hinum ýmsu kyllum), þungaflutningur (mikilvægi þess að enda með allan líkamspunga á fremri fæti) og áhrifavalda boltaflugs. Leikmaður viti hve langt hann slær með hverri kyllu.
- Að unglíngarnir þekki áhrifavalda boltaflugs.

Leiðir að markmiðum

- Æfingar: Almennar æfingar sem auka hreyfifærni. Sérhæfðari æfingar byrja. Skipulagðar æfingar 2 sinnum í viku. Æfingaáætlun frá þjálfara eftir þörfum hvers og eins í boði.



- Kylfur: Fullt sett.
- Fræðsla: Vímuvarnir, um heilbrigðan lífsstíl.

16-18 ára

- Að iðkendur hafi ánægju af íþróttinni
- Að iðkendum sé gefinn kostur á að æfa íþróttina með líkamsrækt og ánægju í huga.
- Að allir iðkendur framfylgi vímuvarnastefnu klúbbsins.
- Að iðkendur sýni háttvísi og íþróttamannslega framkomu.
- Að unglingunum sé gert grein fyrir því hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksíþróttum.
- Að leikmenn öðlist betri skilning á áhrifavöldum boltaflugs.

Leiðir að markmiðum:

- Æfingar: 2 sinnum í viku skipulagðar æfingar á vegum klúbbsins. Æfingaáætlun í boði frá þjálfara sérsniðin að þörfum hvers og eins.
- Kylfur: Fullt sett.
- Þekking: Að leikmaður kunni að taka út velli og útbúa vallarvísi og leikskipulag.
- Fræðsla: Vímuvarnir, næring og almennt heilbrigði.
- Að allir þættir þjálfunar séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika einstaklinga.

Afreks- og keppnishópar

13-16 ára

- Að auka þol, kraft, liðleika og hraða.
- Að bæta tæknilega færni.
- Að unglingarnir þekki áhrifavalda boltaflugs.
- Að unglingarnir kunni skil á golfreglunum og golfsiðum.
- Að unglingarnir sýni háttvísi og íþróttamannslega framkomu.



- Að unglíngunum séu skapaðar jákvæðar félagslegar aðstæður samhliða íþróttaiðkun.
- Að unglíngarnir séu kynntir fyrir keppnis og afreksmennsku og þeim hugsunarhætti sem þarf til að ná langt í íþróttum.
- Að unglíngarnir séu einnig kynntir fyrir þeim möguleikum sem bjóðast þeim sem vilja iðka íþróttir vegna félagsskapar og líkamsræktar.
- Að unglíngarnir læri: Pútt (augnlína yfir bolta, mið, hendur undir öxlum, boltastaða framan við miðju), boltastaða (mismunandi boltastöður fyrir hin ýmsu högg með hinum ýmsu kylfum), þungaflutningur (mikilvægi þess að enda með allan líkamspunga á fremri fæti) og áhrifavalda boltaflugs. Leikmaður viti hve langt hann slær með hverri kylfu.

Leiðir að markmiðum:

- Æfingar: 20-40 klukkustundir á viku, 7-9 mánuði á ári, 2-4 skipulagðar æfingar á viku. 1100-2200 boltar á viku (æfingar og keppni).
- Einkakennsla.
- Kylfur: Fullt sett.
- Keppnir: 10-20 á ári. 9 holur (1-2 skipti), 18 holur (5-12 skipti), 36 holur (2-3 skipti). 54 holur (1-2 skipti).
- Fræðsla: Vímuvarnir, um heilbrigðan lífsstíl.

Meistaraflokkur

- Þjálfunarálag eykst.
- Allir þjálfunarþættir teknir fyrir.
- Að sérhæfð afreksþjálfun fari fram og æfingaálag aukið verulega sé stefnt að þátttöku í afreksíþróttum.
- Að val milli íþróttagreina fari fram liggja áhugi til sérhæfingar.
- Að allir iðkendur framfylgi vímuvarnastefnu klúbbsins.
- Að iðkendur sýni háttvísi og íþróttamannslega framkomu og séu öðrum iðkendum góðar fyrirmyndir.
- Að unglíngunum sé gerð full grein fyrir hvaða hugarfar, álag og hæfileika þarf til að ná árangri í afreksíþróttum.



- Að leikmenn þekki áhrifavalda boltaflugs í þaula.

Leiðir að markmiðum:

- Æfingar: 30-50 tímar á viku, 8-10 mánuði á ári, 2-4 skipulagðar æfingar á viku (1640-2650 boltar á viku).
- Einkakennsla .
- Kylfur: Fullt sett, sniðið að þörfum leikmanns.
- Keppni: 15-25 á ári. 18 holur (3-5 skipti), 36 holur (5-8 skipti), 54 holur(4-7 skipti), 72 holur (3-5 skipti).
- Þekking: Að leikmaður kunni að taka út velli og útbúa vallarvísi og leikskipulag.
- Fræðsla: Vímuvarnir, næring og almennt heilbrigði.
- Að allir þættir þjálfunar séu teknir fyrir með tilliti til stöðu og hæfileika einstaklinga.



Keppni

Keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara svo auka megi líkur á að ná settum þjálfunarmarkmiðum.

8 ára og yngri

Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrennafélögum keppa.

Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu.

Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni.

9-10 ára

Keppni skal fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landshlutavísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

11-12 ára

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

13-14 ára

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og hugsanlega erlendis.

Liðakeppni skal vera í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrri aldurs skeið á keppni milli einstaklinga.

15-19 ára

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis. Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við hvort sem um lið eða einstakling er að ræða.

Verðlaun og viðurkenningar

Verðlaunaveitingar í keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

Umgjörð þjálfunar og keppni

10 ára og yngri

Allir fái jafna viðurkenningu fyrir þátttöku.

11-12 ár

Lið vinni til verðlauna. Einstaklingar geta unnið til verðlauna í einstaklingsgreinum. Fyrst við 11 ára aldur



er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið.

13-19 ára

Lið vinni til verðlauna. Einstaklingar vinni til verðlauna.

Óæskilegt er að veita börnum og yngri unglingum stórviðurkenningar s.s. Íþróttamaður félags, bæjar, héraðs, landshluta eða sérsambands. Verðlaunaveitingar á uppskeruhátíðum/verðlaunahátíðum séu í anda þess sem fram kemur hér að framan.

Fræðslu- og forvarnarstarf GOS

Forvarnargildi íþróttar

Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í forvörnum gegn vímuefnum. Rannsóknir sýna að þeim ungmennum sem ekki neyta áfengis og annara vímuefna reiðir betur af ef þau eru virk í íþróttastarfi. Rannsóknir sýna enn fremur að neysla vímuefna og tóbaks hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. GOS tekur skýra afstöðu gegn vímuefnaneyslu ungmenna í tengslum við íþróttaviðburði.

Neysla tóbaks og vímuefna

GOS er andvígur allri neyslu tóbaks og vímuefna allra ungmenna sem koma að íþróttastarfi í klúbbnum. Öll neysla vímuefna og tóbaks er stranglega bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins. Meðlimir afrekshópa eldri en 18 ára skulu lúta sömu reglum.

Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda.

GOS mun bregðast við allri neyslu iðkenda yngri en 18 ára og verða foreldrar umsvifalaust upplýstir um slíka neyslu.

Þegar um einstaklinga eldri en 18 ára er að ræða (afrekshópar) mun félagið bregðast við neyslu þeirra á vímuefnum og tóbaki þar sem reglur félagsins eru brotnar (sbr. lið 2). Einnig við neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins.

Viðbrögð GOS við brotum á þessum reglum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og keppni. Viðbrögð félagsins munu ætíð mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum og að hann haldi áfram að starfa innan félagsins.

Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu ætíð vinna eftir vímuvarnastefnu GOS, þar með talið að bregðast við vímuefnaneyslu iðkanda samkvæmt henni.

Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar miðla síðan áfram til iðkenda.



Samstarf við foreldra

GOS mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum.

Kynferðisleg áreitni og ofbeldi.

Ef grunur vaknar um að nemandi sæti eða hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi heima fyrir eða af þjálfara eða starfsmanni félagsins, á stjórn/foreldraráð að safna saman upplýsingum um málið, í kjölfarið tilkynna til Barnaverndar. Hafa ber í huga:

- Hegðun barns.
- Líðan barnsins á æfingum.
- Félagslega stöðu á æfingum.
- Félagslegar aðstæður barnsins.
Samskipti þjálfara við foreldra.
- Stjórn og foreldraráð sér um að tilkynna til Barnaverndar ef grunur er á kynferðislegu áreiti eða ofbeldi.

Einelti

Einelti er að ofsækja einhvern með endurtekinni stríðni, illkvittni og uppnefnum eða með ógnandi, árásargjarnri framkomu og útilokun frá félagsskap.

Til að koma í veg fyrir einelti hvetur GOS sína iðkendur til að:

- Taka ekki þátt í eineltinu.
- Biðja gerandann að setja sig í spor þess sem hann leggur í einelti.
- Sýna þeim sem verður fyrir eineltinu stuðning með því að ganga til liðs við hann/hana og mótmæla svona framkomu.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.
- Muna að aðgerðarleysi frammi fyrir einelti má túlka þannig að eineltið sé samþykkt.
- Muna að þeir standa ekki einir ef þeir verða sjálfir fyrir einelti. Best er að reyna að finna einhvern sem stendur með sér, veitir stuðning og hægt er að tala við. Það geta verið vinir, foreldrar eða þjálfarinn, einhver sem má treysta.

Umhverfisstefna Golfklúbbs Selfoss (GOS):

Umhverfismarkmið



Bjóða upp á góðan golfvöll sem er í sátt við náttúrulegt umhverfi vallarins.

Leitast við að bæta okkar árangur í umhverfismálum og fylgja lögum og reglum í umhverfismálum.

Velja ávallt tækni, efni og tæki sem hafa minnstu möguleg skaðleg áhrif á náttúruna og nota vistvæn hráefni og orku.

Gera kröfu á viðskiptavini og gesti um að þeir viti af og taki tillit til markmiða okkar í umhverfismálum.

Fræða starfsfólk um umhverfismál þannig að það geti tekið ábyrgð á umhverfispáttum í þeirra starfi.

Endurmeta umhverfisstarf klúbbsins og gera grein fyrir því og kynna á opinn hátt.

Umhverfisstarf

Starfi í umhverfismálum má skipta niður á eftirtalda þætti:

Skerpa vitund allra þeirra sem starfa fyrir klúbbinn um umhverfismál.

Auka þekkingu á flóru og dýralífi á vallarsvæðinu.

Hvetja alla klúbbfélaga til dáða í umhverfismálum.

Nýta orku og efni á umhverfisvænan hátt.

Segja frá umhverfisvinnu á heimasíðu klúbbsins.

Vinna með yfirvöldum og samtökum að málefnum tengdum náttúru.

Umhverfisvinnan tekur tillit til náttúru, landslags, vatns, gróðurs, sorps, orku, menningar og þekkingar á gildi umhverfisverndarreglna.

Náttúruvernd

Taka tillit til og vernda skordýr í umhirðu á grasi og gróðri. Kortleggja hvar er bannað að tína grös og blóm í samræmi við umhverfisnefnd Árborgar.

Landslag og menning

Viðhalda tjörnum þannig að þær þorni ekki upp eða séu nægilega stórar fyrir fugla- og skordýralíf. Vernda og viðhalda söguminjum.

Vatn

Vökva nægilega með hámarksnýtingu vatnsveituvatns að leiðarljósi. Viðhalda lágmarks vatni í tjörnum.

Áburðargjöf

Gefa áburð á umhverfisvænan hátt með því að nota áburð hófsamlega og nota sem minnst af tilbúnum áburði. Nota vélar sem nýta að mestu vistvæna aflagjafa og eru eins lágværar og kostur er. Skrá alla notkun efna og áburðar.



Sorp og affallsvatn:

Flokka og endurnýta sorp. Banna golfiðkendum að henda rusli á völlinn. Halda árlega hreinsunardag með klúbbfélögum við upphaf golftímabils að vori.

Orkunotkun:

Nota jarðhita til kyndingar húsnæðis. Nota rafmagnsbíla eins og kostur er. Nota orkusparandi ljósaútbúnað og minnka orkunotkun með því að velja rafmagnssparandi tæki. Athuga reglulega orkunotkun í eldhúsi.

Fræðsla

Halda námskeið fyrir stjórnendur um umhverfismál. Senda starfsmenn árlega á vinnuverndar- og umhverfisnámskeið.

Siðareglur Golfklúbbs Selfoss

Kjörorð Golfklúbbs Selfoss eru **RÉTTSYNI** og **TILLITSEMI**.

- Stjórn klúbbsins, nefndarmenn, starfsmenn, þjálfarar, keppendur og leikmenn skulu sýna agaða og fagað framkomu öðrum til eftirbreytni þegar þeir koma fram fyrir hönd golfklúbbsins, bæði innan og utan vallar.
- Kynna mér og tileinka siðareglur klúbbsins sem og siðareglur Ungmennafélags Selfoss.
- Sýna aldrei af mér kynferðislega áreitni eða ofbeldi eða aðra hegðun sem særir velsæmiskennð annarra.
- Tilkynna brot á siðareglum og alla kynferðislega áreitni eða ofbeldi til forráðamanna klúbbsins í samræmi við viðbragðsáætlun klúbbsins um slík mál.
- Leika af heiðarleika og samkvæmt golfreglum.
- Taka ávallt tillit til annarra kylfinga sem og starfsmanna vallarins og klúbbsins.
- Bera virðingu fyrir hæfileika og getu annarra kylfinga.
- Forðast neikvæð ummæli og hafa ávallt stjórn á skapi mínu.
- Gangna vel um völlinn og allt hans umhverfi og mannvirki.
- Golfklúbbsfélagar skulu ætíð hafa í heiðri góða golfsiði um öryggi annarra á vellinum og tillitssemi við þá, sem og að virða leikhraða og gangna um völlinn í samræmi við golfreglur.



Viðbragðsáætlun

Iðkandi eða starfsmaður GOS sem verður fyrir einelti eða hvers kyns ofbeldi eða áreitni af hálfu annars iðkanda eða starfsmanns eða verður vitni að slíkri hegðun skal tilkynna það tafarlaust til formanns eða framkvæmdastjóra GOS. Nöfn þeirra og netföng er að finna á heimsíðu GOS, gosgolf.is

Klúbburinn tekur öllum slíkum tilkynningum alvarlega og skal þegar í stað leggja mat á stuðning við tilkynnanda og fyrstu viðbrögð.

Ef þolandi er lögráða er viðkomandi hvattur til að kæra málið til lögreglu í síma 112.

Ef brotið er gegn ólögráða einstaklingi ber að tilkynna það til Barnaverndar í síma 112. Kynferðislegur lögdur er 15 ára.

Ef vafi leikur á um hvernig rétt væri að bregðast við skal hafa samband við lögreglu og leita ráða í s. 112. Þolendur eiga kost á að leita stuðnings hjá:

- Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, Landspítala Fossvogi. Sjá [hér](#).
- Barnavernd Árborgar í s. 480-1900 (á dagvinnutíma). Sjá einnig [hér](#).

Ýrstru þagmælsku og trúnaðar skal ávallt gætt gagnvart þeim sem tilkynna um ofbeldi eða áreiti til forráðamanna GOS.

Þeir skulu gæta þess að farið með allar lýsingar málsatvika og öll gögn máls af vandfærni og þeim komið til rétttra aðila.

Ósæmileg hegðun og hvers kyns ofbeldi af hálfu starfsmanns GOS gagnvart öðrum starfsmanni eða iðkanda getur leitt til uppsagnar hans. Sömuleiðis getur öll ósæmileg hegðun iðkanda leitt til brottvikningar hans úr Golfklúbbi Selfoss. Aganefnd tekur hvert mál til skoðunar og ber það undir stjórn sé tilefni til þess.



Samþykktir

1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI, TILGANGUR OG VARNARÞING

- 1.1 Heiti félagsins er Golfklúbbur Selfoss.
- 1.2 Félagið er almennt félag.
- 1.3 Heimilisfang félagsins er Svarfhólsvöllur, 801 Selfoss.
- 1.4 Félagið er aðili að Gólf sambandi Íslands (GSÍ).
- 1.5 Tilgangur félagsins er rekstur golfvallar, sala á golfvörum, veitingum og tengdur rekstur ásamt því að glæða áhuga á golfíþróttinni og skapa áhugamönnum aðstöðu til að iðka hana.
- 1.6 Varnarþing þess er á Selfossi, Árnassýslu. Sé mál höfðað gegn félaginu skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

2. STJÓRNSKIPULAG

- 2.1 Með stjórnun félagsins fara:
 - a) Félagafundir.
 - b) Stjórn félagsins.
 - c) Framkvæmdastjóri.

3. AÐALFUNDIR / FÉLAGAFUNDIR

- 3.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögættra aðalfunda. Á þeim ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum.
- 3.2 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á aðalfundi nema þess hafi verið getið í fundarboði og þá þarf 2/3 atkvæða til að tillagan nái fram að ganga.
- 3.3 Félagafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu 1/20 félagsmanna. Skal krafan þá vera skriflega gerð og fundarefni tilgreint. Fundur skal þá boðaður af stjórn innan þriggja vikna.
- 3.4 Aðalfund og aukafund skal boða með minnst viku fyrirvara í tölvupósti til félagsmanna og á heimasíðu klúbbsins.
- 3.5 Fundir eru löglegir, sé löglega til þeirra boðað.
- 3.6 Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. desember ár hvert. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir. 1. Kosning fundarstjóra og ritara. 2. Skýrsla stjórnar. 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. 4. Skýrslur nefnda. 5. Lagabreytingar. 6. Kosningar samkvæmt 4. og 5. kafla. 7. Félagsgjöld. 8. Fjárhagsáætlun næsta árs afgreidd. 9. Önnur mál.



- 3.7 Aðalfundur ákveður félagsgjöld næsta árs. Heimilt er að leggja á sérstakt framkvæmdagjald þegar um viðamiklar framkvæmdir er að ræða.
- 3.8 Atkvæðisrétt hafa allir skuldlausir félagar við klúbbinn 16 ára og eldri. 2
- 3.9 Félagsmenn sem vilja gera tillögur til lagabreytinga eða starfstilhögunar skulu senda stjórn félagsins þær eigi síðar en 1. nóvember.

4. STJÓRN FÉLAGSINS

- 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Á fyrsta stjórnarfundum skipta stjórnarmenn með sér störfum þannig að einn skal vera varaformaður, einn ritari, einn gjaldkeri og þrír meðstjórnendur.
- 4.2 Framboð til stjórnar skal vera skriflegt og skilað inn síðasta lagi viku fyrir aðalfund.
- 4.3 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.
- 4.4 Stjórnarkjör skal vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

5. STJÓRNARFUNDIR OG VERKASKIPTING STJÓRNAR

- 5.1 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fundur skal halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.
- 5.2 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Segi stjórnarmaður sig úr stjórn heldur stjórn þó enn ákvörðunarbærni að því gefnu að meirihluti stjórnarmanna (4/7) taki þátt í fundarstörfum.
- 5.3 Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður kjöri á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn þá fellur tillagan.
- 5.4 Í fjarveru formanns tekur varaformaður við skyldum hans.
- 5.5 Stjórnendur skulu halda fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta þær með undirskrift sinni. Fundargerðir skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar félagsmönnum.



- 5.6 Stjórn hefur heimild til þess að skipa sérstakar nefndir til þess að fjalla um ákveðið verkefni. Niðurstöður þeirra skulu þó aðeins vera leiðbeinandi fyrir stjórnina, en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála.
- 5.7 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli aðal-/félagafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og félagsmanna að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli aðal-/félagafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður ráðningakjör og gerir við hann ráðningarsamning.
- 5.8 Samþykki félagafundar þarf til stórra ákvarðana svo sem verulegra eignabreytinga og annars sem getur haft mikil fjárútlát í för með sér.
- 5.9 Stjórninni er heimilt að greiða mönnum beinan kostnað sem leiðir af störfum þeirra fyrir félagið.
- 5.10 Stjórnin veitir prókúruumboð.
- 5.11 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til þess að skuldbinda félagið.

6. NEFNDIR

- 6.1 Fastar starfsnefndir, kosnar til eins árs eru; Mótanefnd, aganefnd, forgjafarnefnd, barna- og unglínganefnd, kvennanefnd, félaganefnd, eldri kylfínganefnd, afreksnefnd og vallarnefnd.
- 6.2 Formaður hvernar nefndar skal kosinn á aðalfundi, en nefndir skipta að öðru leyti með sér verkum.

7. FRAMKVÆMDASTJÓRI

- 7.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins og gildandi lögum. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- 7.2 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 7.3 Framkvæmdarstjóri er skyldugur að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda eða skoðunarmanni allar þær upplýsingar sem hann óskar.



8. REIKNINGSÁR

8.1 Reikningsár er frá 1. nóvember til og með 31. október.

9. LEIKREGLUR

9.1 Við leik skal fara eftir St. Andrews golfreglum eins og þær eru á hverjum tíma, en sérreglur setur stjórn eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhver félagi er skyldugur til að fara eftir settum reglum um leik, umferð og umgengi á golfvöllinum og í klúbbhúsi. Stjórn getur látið brot gegn reglum þessum varða áminningu, réttindamissi eftir atvikum eða brottrekstri ef um ítrekaðar eða miklar sakir er að ræða. Heimilt er félagsmanni sem fyrir slíku verður, að skjóta máli sínu til næsta aðalfundar, sem tekur lokaákvörðun um málið.

10. HEIÐURSFÉLAGAR

10.1 Fyrir einstök og verðskulduð störf í þágu félagsins getur stjórnin ákveðið að tiltekinn félagsmaður, einn eða fleiri, verði gerður að heiðursfélaga. Heiðursfélagar greiða ekki árgjald en njóta allra félagsréttinda. Tilnefningunni skal fylgja sérstakt skjal til staðfestingar.

10.2 Á sérstökum tímamótum getur stjórnin veitt félagsmönnum og/eða velunnurum félagsins heiðursmerki og/eða afreksmerki félagsins í samræmi við reglur sem um slíkt gilda.

11. SLIT Á FÉLAGINU

11.1 Hætti klúbburinn störfum, tekur sérstakur félagafundur ákvörðun um það. Til lögmætis þeirrar ákvörðunar þarf helmingur félaga að vera á fundi og 2/3 hlutar þeirra að gera því atkvæði. Mæti ekki helmingur félagsmanna á fund, skal boða til nýs fundar innan 3ja vikna og er sá fundur ályktunarhæfur um þetta mál, hversu fáir sem koma, sé löglega til hans boðað.

12. BREYTINGAR Á LÖGUM

12.1 Þannig samþykkt á aðalfundi 12. desember 2019. Þannig samþykkt á aðalfundi 9. desember 2021. Samþykkt breyting á 1., 3. og 4. gr. og ákvæði um stundarsakir bætt við á aðalfundi 9. desember 2021.

13. ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR

13.1. Til að tryggja að þrír meðstjórnendur séu kosnir ár hvert skal einn stjórnarmaður kosinn til eins árs á aðalfundi GOS árið 2023. Þjóðist enginn kjörinn stjórnarmaður til að sitja í eitt ár skal hlutkesti varpað til að ákvarða hvaða stjórnarmaður hlýtur kosningu til eins árs.



Persónuverndarstefna Golfklúbbs Selfoss

Persónuverndarstefna Golfklúbbs Selfoss – GOS

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða félagsmenn þess. Í persónuverndarstefnu þessari er jafnframt vísað til félagsmanna sem „þín“ og félagsins sem „okkar“. Golfklúbbur Selfoss – „félagið“ hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem félagið safnar um þig. Persónuverndarstefnu þessari er áætlað að upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Ef þú ert í vafa um það hvernig persónuverndarstefnan varðar þig, vinsamlega hafðu samband við framkvæmdastjóra félagsins um frekari upplýsingar.

Tilgangur og lagaskylda

Félagið leitast við að uppfylla í hvítetna persónuverndarlöggjöf og er persónuverndarstefna þessi byggð á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („persónuverndarlög“), með síðari breytingum.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg eða nafnlaus teljast ekki persónuupplýsingar.

Persónuupplýsingar sem félagið safnar og vinnur

Við kunnum að safna persónuupplýsingum um þig í tengslum við samskipti okkar og eftir atvikum samstarf.

Í öllum tilfellum eru félagsmenn einstaklingar sem við kunnum að vinna með persónuupplýsingar um. Slíkar persónuupplýsingar eru fyrst og fremst samskiptaupplýsingar, s.s. nafn, netfang, starfstíll og símanúmer.

Í tengslum við samskipti okkar við þig kunnum við að vinna með ýmsar persónuupplýsingar, s.s.:

- Samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- IP tölur, eftir atvikum; og
- Greiðsluupplýsingar
- Þátttöku þína í viðburðum, s.s. golfmótum og félagsstarfi.

Auk framangreindra upplýsinga, kann félagið einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem þú lætur félaginu í té, s.s. myndir, sem og upplýsingar sem eru félaginu nauðsynlegar vegna starfsemi þess.



Að meginstefnu til aftar félagið persónuupplýsinga beint frá þér. Í þeim tilvikum þar sem persónuupplýsinga er aftar frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa þig um slíkt.

Hvers vegna söfnum við og vinnum persónuupplýsingar og á hvaða grundvelli?

Þær persónuupplýsingar sem við vinnum um þig eru fyrst og fremst unnar á grundvelli félagsaðildar þinnar. Það á t.a.m. við um samskiptaupplýsingar þínar þannig að okkur sé kleift að hafa samband við þig og getum komið upplýsingum til þín um starfsemi félagsins og innheimtu félagsgjalda o.þ.h. á réttan stað.

Þá kann að koma til þess að persónuupplýsingar um þig séu unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar, s.s. þegar tölvupóstfang þitt er notað til að senda þjónustukannanir og eftir atvikum markpóst.

Í þeim tilvikum þar sem söfnun og vinnsla persónuupplýsinga byggir á samþykki þínu, er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Öll samskipti í tenglum við slíka afturköllun eða breytingu á innihaldi samþykkis skal beina til framkvæmdastjóra félagsins.

Félagið skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Miðlun til Þriðja aðila

Félagið miðlar almennt ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila. Félagið kann að miðla persónuupplýsingum um þig um tilboð og afsláttarkjör sem bjóðast félagsmönnum á vörum sem tengjast golfiðkun. Félagið miðlar ekki öðrum upplýsingum frá þriðja aðila. Afhending persónuupplýsinga getur þó verið nauðsynleg í neyðarástandi eða til að tryggja öryggi félagsmanna, starfsmanna eða þriðja aðila.

Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Dæmi um slíkar öryggisráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum þar sem upplýsingar um þig eru vistaðar. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Varðveisla á persónuupplýsingum

Félagið mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar um þig eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem við vinnum um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar



leiðréttar, séu þær rangar eða óáreiðanlegar. Því er mikilvægt að þú tilkynnir okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeim sem þú hefur látið okkur í té, á þeim tíma sem við á.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent okkur á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar getur þú andmælt þeirri vinnslu.

Ofangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi. Réttur þinn til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna vegna beinnar markaðssetningar er þó fortakslaus.

Fyrirspurn og kvörtun til persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 8. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar vegna persónuverndarstefnu þessarar eða þess hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við framkvæmdastjóra sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina þér um réttindi þín samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is)

Samskipti við félagið

Hjá félaginu hefur framkvæmdastjóri umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar hans:

Hlynur Geir Hjartarson

hlynur@gosgolf.is

Sími 893-1650

Endurskoðun

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður uppfærð útgáfa tilkynnt þér á sama hátt og stefna þessi var kynnt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt þér.

Persónuverndarstefna þessi verður aðgengileg á heimasíðu félagsins.